

**Sþ.**

**75. Tillaga til þingsályktunar**

**[43. mál]**

um hina almennu fiskideild hluttryggingasjóðs bátaútvegsins.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að samin verði reglugerð um hina almennu fiskideild (þorskveiðideild) samkvæmt lögum um hluttryggingasjóð bátaútvegsins frá 25. maí 1949, og hraða að öðru leyti þeim undirbúningi, sem nauðsynlegur er, til þess að deildin geti tekið til starfa á þessu ári.

**Greinargerð.**

Í 3. gr. laga um hluttryggingasjóð bátaútvegsins er kveðið svo á, að sjóðurinn skiptist í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild, sem annars staðar í lögnum er einnig nefnd þorskveiðideild, og hafa deildirnar aðskilinn fjárhag. En skilyrði þess, að deildirnar geti tekið til starfa, er, að reglugerð hafi verið sett um starfsemi þeirra, m. a. um bótatímabil, skiptingu veiðisvæða og veiðiskipa í flokka og um meðalveiðimagn í hverjum flokki.

Undirbúningi reglugerðar fyrir síldveiðideildina mun nú vera langt komið, enda í ráði, að sú deild taki til starfa nú á næstunni, og með bráðabirgðalögum hefur henni verið leyft að skerða stofnfé sitt. Hins vegar mun enn ekkert hafa verið unnið að undirbúningi reglugerðar fyrir hina almennu fiskideild. En sums staðar á landinu, þar sem þorskveiði er stunduð að sumrinu, er nú þannig ástatt, að full þörf er á bótum úr sjóðnum. Má því eigi dragast, að hin almenna fiskideild hluttryggingasjóðsins taki til starfa, enda má gera ráð fyrir, að nokkurt fé hafi safnast til hennar á þeim 17 mánuðum, sem liðnir eru, síðan lögin tóku gildi.